

**Sp.**

**524. Fyrirspurn**

[232. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áætlun um hvalarannsóknir.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hefur áætlun um hvalarannsóknir samkvæmt samningi sjávarútvegsráðuneytisins við Hval hf., sem tók gildi 1. janúar 1986, verið endurskoðuð fyrir árið 1988 eins og samningurinn gerir ráð fyrir?
2. Getur ráðherra upplýst hversu mörg dýr og hvaða tegundir er ráðgert að veiða á yfirstandandi ári?
3. Á hvaða rannsóknarþætti var megináhersla lögð á sl. ári og hvaða þætti hyggjast menn rannsaka á þessu ári?
4. Hvert var heildarmagn hvalaafurða árin 1986 og 1987 og hversu mikið af því hefur verið selt úr landi?